




STAKSTEINAR



Það verður fróðlegt að sjá

Þingmennirnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Lilja Alfreðsdóttir hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar „um samstarf Íslands og Bretlands samhliða úrsagnarferli Bretlands úr Evrópusambandinu“.

Þessi athyglisverða tillaga hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fagna því að umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu skuli hafa verið dregin til baka.“

Alþingi ályktar að ekki skuli sótt aftur um aðild að Evrópusambandinu nema fyrir liggi vilji meiri hluta þjóðarinnar til að ganga í sambandið.

Alþingi ályktar að utanríkisráðherra og önnur hlutadeigandi stjórnvöld beiti sér fyrir því að viðhalda og bæta viðskiptatengsl Íslands og Bretlands, auk annars tvíhliða samstarfs ríkjanna, samhliða úrsagnarferli Bretlands úr Evrópusambandinu.“


Eins og fram kemur í greinargerðinni skýrir tillagan sig sjálf. Og eftir því sem flestir stjórnmálaflokkar og þingmenn hafa talið ætti fátt að geta komið í veg fyrir hraða og jákvæða afgreiðslu þessarar ágætu tillögu.

Hafi finger víða verið í kross fyrir aftan bók gæti hins vegar þvælst fyrir einhverjum þingmönnum að veita jáyrði við þessu.

Það verður fróðlegt að sjá hvort að svo hefur verið.

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni <http://mbl.is/mogginn/leidarar/>

VEÐUR KL. 12 Í DAG



Veður víða um heim 2.4., kl. 18.00

Reykjavík	9 súld
Bolungarvík	2 súld
Akureyri	3 skýjað

Nuuk	-8 skýjað
Þórshöfn	5 rigning
Ósló	-1 léttskýjað
Kaupmannahöfn	6 skúrir
Stokkhólmur	1 skýjað
Helsinki	2 léttskýjað
Lúxemborg	15 heiðskirt
Brussel	15 heiðskirt
Dublin	12 súld
Glasgow	11 súld
London	14 léttskýjað
Paris	15 heiðskirt
Amsterdam	15 heiðskirt
Hamburg	13 þoka
Berlín	10 súld
Vín	15 skýjað
Moskva	0 heiðskirt
Algarve	19 heiðskirt
Madrid	6 heiðskirt
Barcelona	9 heiðskirt
Mallorca	18 heiðskirt
Róm	14 heiðskirt
Apna	18 léttskýjað
Winnipeg	6 skýjað
Montreal	1 alskýjað
New York	1 rigning
Chicago	6 rigning
Orlando	30 skýjað

3. apríl	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	6:37	20:26
ISAFJÖRDUR	6:37	20:35
SIGLUFJÖRDUR	6:20	20:18
DJÚPVOGUR	6:06	19:56

Fágæt verk á uppboði Gallerís Foldar

● Kjarval, Þórarinn og Kristján ● Álka sem er leirverk Guðmundar frá Miðdal

Málverk eftir Kjarval, Þórarinn B. Þorláksson, Þorvald Skúlason, Karl Kvaran og Kristján Davíðsson eru meðal þeirra verka sem verða á uppboði Gallerís Foldar í dag og á morgun. Alls verða boðin upp 148 verk og þar á meðal eru nokkrar Kjarvalsmyndir, s.s. afar sérstætt olíuverk frá 1945, sem nefnist *Dettifoss siglir í draumalandslagi*. Þá verða boðnar

upp þrjár myndir eftir Kristínu Jónsdóttur, Þingvallamynd sem er unnin í olíu og svo bæði vatnslitamynd og olíuverk frá Arnarnesi í Eyjafirði.

Í frétt frá Gallerí Fold er einnig vakin athygli á verki eftir Ásgerði Búadóttur textillistakonu, en verk hennar eru sjaldséð. Meðal fágætra verka má einnig benda á tvær myndir



Kjarval Óskað er tilboði í verkið Dettifoss í draumalandslagi.

ir eftir Brynjólf Þórðarson, sem lést ungur árið 1938 og því eru ekki til mörg verk eftir hann. Þá verður boðin upp Álka, leirmynd frá 1948 eftir Guðmund frá Miðdal. Af verkum núlifandi listamanna má nefna stykki Karólínu Lárúsdóttur, eitt olíuverk, tvær vatnslitamyndir og fjögur grafíkverk.

Listaverkauppboðið fer fram í húsi Gallerís Foldar við Rauðarárstíg og þar verða verkin til sýnis fram að uppboði, það er kl. 17 í dag og á morgun. sbs@mbl.is

Snjósleða
ljóskastarar

4,5" Cannon
3.500 virk lumen
305 metra drægni
4,17A
25 Watt LED

Stilling
Allt fyrir bílinn

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is/visionx | stilling@stilling.is



Ljósmynd/Ragnhildur Sævarsdóttir

Hrafnagjá Tíldrög óhappins eru talin þau að vegkantur gaf sig undan þunga bílsins.

Rútan fór hálf út af Þingvallaveginum

Engan sakaði þegar rúta fór út af Þingvallavegi, nærri Hrafnagjá við Gjábakka, síðdegis í gær. Í bílnum voru bresk ungmenni sem höfðu farið austur fyrir fjall í skólaferðalagi sínu. Svo virðist, segja sjónarvottar, sem vegkantur hafi gefið sig. Því rann rútan til háls út af veginum hægra megin þannig að farþegarnir komust ekki út um dyrnar. Því var björgunarlið sent á vettvang; lögregla, björgunarsveit og slökkvilið.

Óhappið í gær varð á vegarkafli milli þjónustumiðstöðvar á Leirunum og Gjábakka. Mikilla endurbóta þykir vera þörf á þessum vegi sem er að hruni kominn og malbikskápan sprungin. Til stóð fyrir nokkrum misserum að fara í framkvæmdir sem svo var slegið á frest. sbs@mbl.is